

Thór Barðdal myndhöggvari:

# Í andstöðu við allt sem heitir tíska í myndlist

Á laugardaginn voru opnaðar þrjár sýningar myndlistarmanna á Kjarvalsstöðum. Einn þeirra sem þar sýnir er myndhöggvarinn Thór Barðdal sem kemur með sýningu sína alla leið frá Portúgal þar sem hann býr og starfar:

„Ég bý í Portúgal ásamt eiginkonu minni, Sigrúnu Olsen listmálara, en einmitt um þessar mundir stendur yfir sýning á verkum hennar á veitingastaðnum Á næstu grösnum. Ég geri öll mín verk í granít og marmara og þar sem segja má að Portúgal sé úr granít og marmara fæ ég auðveldlega allt efnið mjög ódýrt miðað við ef ég væri hér hér heima. Skapar það mikinn aðstöðumun.“

– Þú ert tiltölulega nýfluttur til Portúgals?

Við höfum átt heima í Portúgal í eitt ár. Við bjuggum áður í fjögur ár í Texas en það var frekar óhentugt. Þaðan var langt og erfitt að komast heim, sérstaklega þegar þú varst með tonn af myndverkum í farangrinum. Í Portúgal er gott fyrir myndhöggvara að búa. Þar get ég nýtt mér þann möguleika að nota granítíð í undirstöður og þannig sameinast verkið undirstöðunni. Ef ég væri hér heima að vinna úr sama efni hefði ég ekki efni á að nota svo stóran stein í undirstöðu, yrði að höggva hann.

Við keyptum sveitabýli og þegar við fluttum var það eins og að hverfa langt aftur í tímann að flytja í sveitina í Portúgal. Við höfum góða vinnuástöðu og höfum ræktunaraðstöðu, það fylgdu býlinu ein sextíu ávaxtatré sem við nýtum fyrir okkur.“

## Fjórða einkasýningin

„Verk mín á þessari sýningu eru



Thór Barðdal myndhöggvari við eitt myndverka sinna sem hann kallar Eilíment. DV-mynd S

langflest unnin á síðasta ári eftir að ég flutti til Portúgals. Þetta er fjórða einkasýning mín en auk þess hef ég tekið þátt í samsýningum, bæði hér heima og erlendis.“

– Hefur orðið breyting á verkum þínum frá því þú fluttir til Portúgals?

„Já, að vissu leyti, en samt hef ég haldið mig á sömu braut. Ég vinn nánast aðallega út frá klassískum og huglægum hugtökum og er í raun í andstöðu við allt sem heitir tíska í myndlist. Ef ég er ánægður með verk eftir mig vil ég hafa það þannig að ég geti sýnt þau á hvaða tíma sem er og í hvaða þjóðfélagi sem er. Ég á auðvelt með að forðast tiskustefnur þar sem ég sé fáar myndlistarsýningar og les ekki myndlistarblöð.“

– Er ekki erfitt að koma heim með sýningu?

„Það er mikið það. Það þarf að pakka þessu inn, gera það sjóklárt og koma þessu á skipsfjöl, síðan tekur annað eins við þegar heim er komið. Auk þess er þetta mjög þungt. Á þessari sýningu er þyngdin á verkunum á annað tonn.“

– Var það alltaf ætlun þín að vinna myndir úr granít og marmara.

„Frá því ég gerði fyrsta verk mitt úr marmara féll ég fyrir efni. Mér fannst eiginleikar marmarans falla vel að þeirri hugmyndafræði sem ég nota.“

– Ertu búinn að finna þinn framtíðarstað í Portúgal?

„Ég býst við því. Okkur líður ákaflega vel í sveitasælunni innan um bændaþjóki sem vinnur á sama hátt og forfeður þess gerðu. Ég stefni á að halda sýningar í Portúgal, hef þegar tekið þátt í samsýningum, en það tekur alltaf nokkur ár að skapa sér nafn í nýju landi.“

-HK

## Lífssaga

### Ragga Bjarna

Dægurlagasöngvarinn geðþekki Ragnar Bjarnason lætur gamminn geisa í nýrri bók sem væntanleg er frá Æskunni fyrir jólin. Það er Eðvarð Ingólfsson sem skráir bókina sem kemur til með að heita Lífssaga Ragga Bjarna. Þar lýsir Ragnar æskuárum sínum, tónlistarferli, einkalífi og ýmsu öðru. Ragnar sem er einn allra vinsælasti dægurlagasöngvari sem við höfum átt er þekktur fyrir kinnigáfu og léttleika en einnig lýsir hann á opinskáan hátt dekksta tímabili ævi sinnar.

## Sigrún Eðvaldsdóttir á hljótleikaferð í Japan

Sigrún Eðvaldsdóttir fjölskyldu er nú á hljótleikaferð í Japan. Hélt hún fyrstu tónleika sína af þremur í síðustu viku í Tokyo með Sinnei Nippon sinfóníuhljómsveitinni. Aðrir tónleikarnir voru í borginni Nagano. Þar lék hún ásamt píanóleikaranum Seiko Seki sem er þekktur píanóleikari í Japan og kennari við tónlistarskólann í Toho. Í heild heldur Sigrún fimm tónleika og verða þeir síðustu í borginni Shizuoka sem er skammt frá Tokyo. Eru það einleikstónleikar.

## Ljóðlistarkvöld í allan vetur

Fyrsta hvers mánaðar í vetur verða ljóðaupplestrar í Þjóðleikhúskjallaranum á vegum hóps ljóðskálda í samvinnu við Þjóðleikhúsið. Fyrirhugað er að átta skáld lesi úr verkum sínum hverju sinni. Fyrsta ljóðakvöldið verður í kvöld og þá munu koma fram Aðalsteinn Asberg Sigurðsson, Berglind Gunnarsdóttir, Guðlaug María Bjarnadóttir, Jóhann Hjálmarsson, Pjetur Hafstein Lárusson, Þórður Helgason og Þorsteinn frá Hamri. Þá mun Erlingur Gíslason lesa úr þýðingum Njarðar P. Njarðvík á ljóðum Thomas Tranströmer sem hlaut bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs fyrir tveimur árum.

## Tónlistardagar Dómkirkjunnar

Í ellefta sinn eru nú tónlistardagar Dómkirkjunnar haldnir og voru fyrstu tónleikarnir í gærkvöldi. Var þá flutt nýtt kórverk eftir Hróðmar Inga Sigurbjörns-son. Sérstakur gestur verður enski kórstjórninn Arthur Robson. Mun hann stjórna tónleikum Dómkórsins á föstudaginn í Kristskirkju. Aðrir tónleikar í vikunni eru á miðvikudaginn, þá heldur Hörður Áskelsson orgel-tónleika og á laugardaginn verða tónleikar Kirkjukórs Dalvíkur undir stjórn Hlínar Torfadóttur. Báðir þessir tónleikar eru í Dómkirkjunni.

## Fólkið í Firðinum

Á undanförunum árum hefur Árni Gunnlaugsson staðið að bókautgáfu með myndum af eldri Hafnfirðingum og skrifað texta um þá. Er þetta afrakstur áhuga hans á heimildum um samborgara sína sem fæddir eru um og kringum aldamótin. Árni hefur nú sent frá sér þriðja bindið um fólkið í Firðinum og er það jafnframt lokabindi bókaflóksins. Myndirnar í þessu bindi eru flestar teknar á árunum 1980-1992 og eru 220 talsins og fylgir með æviá- grip 296 einstaklinga.

# Jón Nordal hlýtur heiðursfé Tónvakans

Jón Nordal, tónskáld og fyrrverandi skólastjóri, hlýtur heiðursfé Tónvakans, tónlistarverðlaun Ríkisútvarpsins 1992. Heimir Steinsson útvarpsstjóri mun afhenda honum verðlaunin á sérstökum hátíðartónleikum 26. nóvember en verðlaunaupphæðin er 250 þúsund auk þess sem gerðar verða sérstakar útvarps- hljóðritanir á verkum Jóns á næsta ári.

Í reglum um tónlistarverðlaunin segir að heiðursfé skuli veitt tónlistarmanni fyrir áralöng og merk störf í þágu tónmenningar. Auglýst var eftir tilnefningum frá almenningi auk þess sem dómnefnd starfaði, en hana skipuðu Guðmundur Emilsson,

tónlistarstjóri Ríkisútvarpsins, Anna Guðný Guðmundsdóttir píanóleikari, Björn Th. Arnason skólastjóri, Gunnar Kvaran sellóleikari, John A. Speight söngvari, Rut Magnússon söngkennari og Sigursveinn K. Magnússon skólastjóri.

Á fyrrnefndum hátíðartónleikum leikur Sinfóníuhljómsveit Íslands tvö verk eftir Jón Nordal: Choralis (1982) og Leiðslu (1973), auk þess sem Bryndís Halla Gylfadóttir og sigurvegari keppinnar um Tónvakaverðlaunin leikur einleik með Sinfóníuhljómsveitinni í Konsert fyrir selló og hljómsveit í h-moll ópus 104 eftir Antonín Dvorák. Thomas Baldner stjórnar.

-HK



Jón Nordal tónskáld situr fyrir miðju á myndinni, honum á sinn hvora hönd eru Heimir Steinsson útvarpsstjóri og Guðmundur Emilsson tónlistarstjóri.



Á sýningu hjá Ástu Guðrúnu. Myndir tvær heita Lotus og Fantasia, Rabbabarar og frostrósir.

Ásta Guðrún sýnir á Café 17:

## Huglægari form en áður og nýtt litasamspil

Á Café 17 stendur nú yfir málverkasýning Ástu Guðrúnar Eyvindardóttur og hefur sýningin yfirskriftina Augnablik. Þar sýnir hún tíu olímálverk sem öll eru máluð á þessu ári og því síðasta. Ásta sagði í stuttu spjalli að viss breyting hefði orðið á málverkum hennar, þau væru lausari en áður og sterkari litir notaðir. Ásta sagði ástæðuna vera eitthvað sem skeði hið innra og allt sem var gott og gílt brotnaði upp og út kæmi eitthvað ókunnugt, nýtt og krefjandi svar, huglægari form og nýtt listasamspil. Sýning Ástu stendur til 19. nóvember og er opin á verslunartíma.

-HK